



3. tgl. 1. árg. 22. desember 2008

Ritstj: Andri Ómarsson Ábm: Eygló Rúnarsdóttir

## Formannspistill

Nú eru jól og áramót á næsta leyti, frítímastarfíð tekur stakkaskiptum eins og annað í samféluginu með áherslu á undirbúning jóla og uppgjör á gamla árinu. Undirbúningur næsta árs er víða langt kominn og ber merki þess ástands sem nú ríkir í þjóðfélaginu þó frístundaforkólfar sem ýmsu eru vanir láti það ekki slá sig út af laginu.

Á næsta ári vill stjórn félagsins gjarnan hlúa að innviðum félagsins og koma enn betur til móts við þarfir og vilja félagsmanna varðandi viðfangsefni. Því hvetjum við félagsmenn til að senda okkur ábendingar um óskir eða hugmyndir að efni á hádegisverðarfundi eða tillögur að öðrum uppákomum á vegum

félagsins á netfangið [fagfelag@fagfelag.is](mailto:fagfelag@fagfelag.is). Við í stjórn Félags fagfólks í frítímaþjónustu óskum félagsmönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar í leik og starfi á nýju ári um leið og við þökkum fyrir það liðna.

Jólakveðja,  
Eygló Rúnarsdóttir  
formaður FFF

## Verndum þau



Frá því í september 2006 hefur FFF í samvinnu við menntamálaráðuneytið staðið fyrir námskeiðum um hvernig bregðast eigi við vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglungum. Námskeiðin eru byggð á efni bókarinnar Verndum þau.

Námskeiðin eru ætluð öllum þeim sem starfa með börnum og unglungum hjá sveitarfélögum, íþróttafélögum,

æskulýðsfélögum og öðrum þeim sem áhuga hafa. Það eru höfundar bókarinnar Verndum þau sem stýra námskeiðunum. Ólöf Ásta Farestveit er uppeldis- og afbrotafræðingur og Þorbjörg Sveinsdóttir er með B.A. í sálfræði. Þær starfa báðar í Barnahúsi og hafa mikla reynslu af barnaverndarmálum.

Mikil ánægja hefur verið með námskeiðið og hafa nú um 1000 manns setið

þau. Þeir sem hafa áhuga á að fá slíkt námskeið senda tölvupóst á netfangið [fagfelag@fagfelag.is](mailto:fagfelag@fagfelag.is).

Nokkrar umsagnir um námskeiðið:

„Mjög gagnlegt og ætti að vera skylda fyrir alla sem vinna með börnum“  
„Mjög gott og gagnlegt námskeið sem fangaði athygli mína allan tímann“

„Námskeiðið fær bestu einkunn“

## Barnasáttmálinn á Náum áttum fundi 19. nóv



Náum áttum er opinn samstarfshópur sem FFF er aðili að. N8 stendur fyrir morgunverðarfundum á Grand Hóteli um ýmis mál sem tengjast fræðslu- og fíkniefnamálum. Síðasti morgunverðarfundur var haldinn 19. nóvember undir yfirskriftinni „Barnasáttmálinn - Öryggi og vernd. Hvar

liggur ábyrgðin?“ Frummælendur voru Þórður Líndal, Hrefna Friðriksdóttir lögræðingar, Ágúst Ólafur Ágústsson alþingismaður, og Margrét Júlia Rafnsdóttir frá Barnaheill sem kynnti vefsíðuna barnasattmali.is en þar er að finna námsefni sem

tengist sáttmálanum. Fyrsti fundurinn á nýju ári er fyrirhugaður 21. janúar og hugmyndin er að beina sjónum að því hvernig á að standa vörð um velferð barna og unglings, sérstaklega þeirra sem standa höllum fæti.